



*Starfshættir í grunnskólum: Forelda- og samfélagsstoð*


# Tengsl skóla og grenndarsamfélags

Gerður G. Óskarsdóttir

Ráðstefna Samtaka áhugafólks um skólaþróun og  
Rannsóknastofu um þróun skólastarfs  
18.–19. nóvember 2011



# Tengsl skóla og grenndarsamfélags





# Námsumhverfi nemenda

- Skólastofur
- Öll skólabyggingin
- **Grenndarsamfélag skólans / nærumhverfið**



# Úr skólastofunni – út í nágrennið



**Er í raun val um námsumhverfi  
en ekki kennsluaðferð –  
í vettvangsferðum og útikennslu  
er beitt ýmsum kennsluaðferðum**



# Viðfangsefnið

Að varpa ljósi á tengsl grunnskóla við grenndarsamfélagið almennt.

## Spurt er:

- Hvernig teygir námsumhverfið sig út í fyrir skólabygginguna út í samfélagið og náttúruna?
- Hvernig er nærsamfélagið boðið velkomið í skólann?



# Hvati - Bakgrunnur

Tímabil skilgreind af A. Hargreaves (2000) um þróun náms og kennslu / kennarastarfsins:

1. Tímabil áður en kennaramenntun varð formleg.
2. Kennarar orðnir fagstétt – Tímabil hins óháða kennara.
3. Samstarfstímabilið.
4. Tímabil mótað af síð nútíma (e. postmodern), m.a. undir áhrifum alþjóðavæðingar og tæknibyltingar.

Þá er einn möguleiki um þróun samkvæmt AH:

Nám fer fram í **fjölbreyttara námsumhverfi** en nú er og **fleiri komi að námi nemenda en kennarar**, námið sveigjanlegra, fjölbreyttara og lýðræðislegra.



- **Umræða um skóla og lýðræði** - læra í lýðræði eða læra til lýðræðis. Wolfgang Edelstein (2008) segir að einstaklingarnir verði að vera „virkir og ábyrgir“ til þess að geta sinnt samfélagslegum verkefnum en **„samfélagslega þátttöku verðum við að læra af reynslunni ...”**
- Tengsl skóla við grenndarsamfélagið hafa verið í **stefnu Reykjavíkurborgar** frá árinu 1999.



# **Dæmi úr niðurstöðum um viðhorf til og umfang tengsla skóla og grenndarsamfélags**

**Byggt á spurningakönnunum meðal kennara,  
nemenda og foreldra og viðtölum við  
stjórnendur**





# Tengsl við grenndarsamfélagið

## Hvers vegna?

### Dæmi úr viðtölum

- „ ... fjölbreytilegri nálgun ... “
- „Mæta þörfum ... ólíkra nemenda.“
- „Létta ... á bóklega náminum.“
- „Efla skilning nemenda á umhverfinu.“
- „Ef þú gerir eitthvað með höndunum eða eitthvað sem þú tekur þátt í að gera þá situr það meira eftir heldur en það sem þú lest um eða skrifar um. ... Verkefni ... verða þeim miklu skiljanlegri með því að fá að þreifa á þeim.“
- „Auka ánægju nemenda ... koma ... í veg fyrir skólaleiða.“





Námið út  
fyrir  
skólann



**1. Nám nemenda utan  
skólabyggingarinnar, s.s.  
vettvangsferðir út í náttúruna og  
samfélagið.**



# Kennarar: Viðhorf til útikennslu og vettvangsferða




**Vildu nota meira**

**Nota í reynd**




# Foreldrar: Viðhorf til útikennslu og vettvangsferða





# Umfang: Útikennsla og vettvangsferðir


Alls 83% kennara í 20 grunnskólum sögðust stunda útikennslu og fara í vettvangsferðir með nemendum sína.





# Umfang: Vettvangsferðir út í náttúruna


Umsjónarkennarar; á skólaárinu





# Umfang: Vettvangsferðir út í samfélagið

## Umsjónarkennarar; á skólaárinu





Utanfrá  
inn í  
skólann



## 2. Aðilar utan skólans þátttakendur í námi nemenda





# Gestir í bekk

- einu sinni eða oftár á skólaárinu –

Um helmingur kennara í **1.-7. bekk**, einkum í lífsleikni, samfélagsfræði og móðurmáli.

Um **3/4** kennara í **8.-10. bekk**, einkum í lífsleikni.

## Úr viðtölum

Oftast er gestum boðið í skólann (að frumkvæði skólans, kennara og nemenda) en stundum bjóðast gestir til að koma, s.s. leikhópar, lögreglan.



### 3. Samstarf við stofnanir eða fyrirtæki um nám nemenda



# Samvinna við stofnanir og fyrirtæki

## Úr viðtölum:

- Samningar (munnlegir eða skriflegir).
- Að frumkvæði skóla eða nemenda.
- Dæmi um samstarfsaðila: Leikskólar, framhaldsskólar, tónlistarskólar; snyrtistofa, bílaverkstæði, veitingastaður, bókasafn, smíðaverkstæði og Rauði krossinn.
- Hluti af vali á unglíngastigi (2-8 stundir á viku).
- Fáir nemendur, gjarnan í vanda með bóklegt nám.



# Framtíðarsýn viðmælenda um tengsl við grenndarsamfélagið

- „Við höfum ... verið að reyna að efla tengslin við grenndarsamfélagið og fyrir tveimur árum síðan var það ... sett á oddinn.“
- „... höfum ... verið að hvetja, ... [nú] bein skilaboð frá okkur að nýta náttúruna eins og hægt er.“
- „Við erum að endurskoða námskrána og ætlum öllum að skrifa þennan þátt þarna inn ... biðj[um] alla að finna einhvers konar tengingu [við grenndarsamfélagið] og skrifa inn í námskrána.“
- Hindranir almennt sagðar í lágmarki.



**Verið velkomin  
á málstofur  
rannsóknarinnar  
á morgun, laugardag 19. nóv.  
kl. 11.30–13.00!**